

segir vegna álagningar og ofangreinds vörugjalds og skal endurgreitt með sama hætti og kveðið er á um endurgreiðslu tolls skv. 5. gr. reglna þessara.

Af sérinnfluttu efni til skipaviðgerða skal nefnt vörugjald endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu, sbr. 1. mgr. 11. gr. Heildarendurgreiðslu-prósenta af öðru gjaldskyldu innfluttu efni til skipaviðgerða skal vegna álagningar vörugjalds vera 4.5% hærri en kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglna þessara.

Um endurgreiðslur tolla vegna nýsmíði skipa og báta sem smíði er hafin á og tilkynnt Siglingamálastofnun, sbr. 2. gr., fyrir gildistöku reglna þessara skulu gilda ákvæði auglýsingar nr. 224/1971 að því er varðar þá smíðaáfang, sbr. 3. gr., sem lokið er við og sótt um endurgreiðslu vegna fyrir gildistöku þessara reglna. Sama skal gilda eftir því sem við getur átt um endurgreiðslur tolla vegna viðgerða eða endurbóta á skipum og bátum, enda hafi umsókn um endurgreiðslu borist Siglingamálastofnun fyrir gildistöku reglna þessara.

*Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1979.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976  
um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.**

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 16 800 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 1 400 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 502 23. janúar 1979.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1979.*

**Vilmundur Gylfason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

**um búfjárhald í Borgarnesi.**

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Borgarnesi án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögbýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar.

Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

### 3. gr.

Telji sveitarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið. Má veita það í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

### 4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

### 5. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

### 6. gr.

Sá, sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

### 7. gr.

Sveitarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Borgarнесi og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

### 8. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru í aðalskipulagi.

Leyfisveiting er háð því að umsækjandi sé félagi í viðkomandi búfjáreigendafélagi, ef slíkt félag er starfandi.

### 9. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumri og fóður á vetri, svo og allri meðferð búfjárins.

### 10. gr.

Halda skal skrá yfir leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur þeirra búfjáreigendafélaga, sem starfandi eru, um leigu á löndum og miða að því að jafna aðstöðu búfjáreigenda.

### 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 50 000. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Borgarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1980 og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. desember 1979.*

**F. h. r.**  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 510.

28. desember 1979.

**REGLUGERÐ**  
**um aukatekjur ríkissjóðs.**

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Áfrýjunarleyfi	kr.	10 500
2. Návaleyfi	—	10 500
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	—	5 300
4. Lögskilnaðarleyfi	—	10 500
5. Ættleiðingarleyfi	—	5 300
6. Leyfisbréf til heildsölu	—	525 000
7. Leyfisbréf til umboðssölu	—	262 500
8. Leyfisbréf til smásölu	—	130 500
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	—	105 000
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	—	5 300
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	—	105 000
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	—	52 500
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	—	37 500
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	—	5 300
15. Leyfi til tækifærisveitinga	—	5 300
16. Leyfi fyrir vínveitingastað	—	420 000
17. Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára	—	210 000
18. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	—	10 500
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	—	15 800
19. Iðjuleyfi	—	52 500
20. Leyfisgjald vegna tollvörugerðar	—	52 500
21. Endurnýjun leyfis vegna tollvörugerðar	—	27 000
22. Einkaleyfi skv. lögum nr. 12/1923		
fyrir fyrstu 5 ár	—	25 500
fyrir næstu 5 ár	—	78 000
fyrir síðustu 5 ár	—	157 500
23. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	—	78 000
24. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	—	15 000
25. Leyfi til að stunda almennar lækningar	—	15 000
26. Leyfi til að stunda sér-lækningar	—	78 000
27. Leyfi til að stunda tannlækningar	—	15 000
28. Sérfræðileyfi til tannlækninga	—	78 000